



# Bygðastofnun

Þróunarsvið

Dr. Bjarki Jóhannesson

forstöðumaður

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2601  
komudagur 10.5.2001

Dagsetning  
10.05.2001

Samgöngunefnd Alþingis

## Umsögn um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Bygðastofnun hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf, 707 mál. Hlutverk Bygðastofnunar er að stuðla að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast umsögnin við það.

Það er mat Bygðastofnunar að verði samþykkt að selja hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands, sé nauðsynlegt að sett verði skilyrði um eftirfarandi atriði:

1. Tryggð verði áframhaldandi uppbygging og viðhald dreifikerfis Landssímans á landsbyggðinni í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda.
2. Fyrirtækjum og almenningi og verði tryggt jafnt aðgengi að gagnaflutninga- og fjarskiptakerfi Landssímans óháð staðsetningu og búsetu.
3. Tryggt verði að gæði kerfisins og kostnaður við fjarskipti og gagnaflutninga verði jafn um land allt.
4. Tryggt verði að tækniþróun í gagnaflutningum og fjarskiptum nái jafnt til alls landsins.
5. Þar sem um notkunarrétt og einkarétt fjarskiptafyrirtækja er að ræða, sé það skilyrði sett að landsmenn allir og fyrirtæki eigi jafnt aðgengi að þeirri þjónustu sem rétturinn nær til.

Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum 1999 - 2001 er m.a. kveðið á um að unnið verði markvisst að eflingu og aukinni fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. M.a. verði tengsl fyrirtækja á landsbyggðinni eflað og ný störf sköpuð með fjarvinnslu. Grundvöllur byggða verði treystur með því að örva fjárfestingar í samgöngum, menntun, byggingum og fjarskiptum. Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta. Menntun á landsbyggðinni verði stórefld, og jafnframt verði bætt skilyrði þess fólks sem sækja verður nám utan heimabyggðar sinnar. Stuðlað verði að því að allir eigi tækifæri á að afla sér nýrrar þekkingar, meðal annars í samræmi við breytingar í atvinnuháttum, og möguleikar fjarkennslu verði að fullu nýttir. Aðstaða til miðlunar og útsendinga fjölmiðla verði jöfnuð og hin sama um land allt, meðal annars með breytingum á gjaldskrá Landssíma Íslands hf.

Í stefnumótun ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið er enn fremur sett fram það markmið að jafna aðstöðu til búsetu með aðstoð upplýsingatækni og fjarskipta. Má þar nefna aðstöðu til menntunar, atvinnu og þátttöku í nefndarstörfum og starfshópum óháð búsetu. Stjórnvöld auðveldi, með hjálp upplýsingatækninnar, aðgang að opinberum upplýsingum og þjónustu, til að jafna stöðu einstaklinga og fyrirtækja óháð búsetu eða efnahag.

Aðgangur að hágæðafjarskiptum er mikilvægur þáttur í staðarvali fyrirtækja og fjárfestinga, og nauðsynlegt er að tryggja jafna samkeppnisaðstöðu fyrirtækja án tillits til staðsetningar. Upplýsingasamfélagið skapar nýjar forsendur í samspili atvinnuþróunar og byggðapróunar. Framfarir í upplýsingatækni gefa möguleika á auknum samskiptum fyrirtækja, nánari samþáttun sölumarkaða og grunnþáttamarkaða, meiri hraða í nýjungum og öflun nýrrar tækni, og þ.a.l. aukinni framleiðni. Upplýsingatækni hefur þannig áhrif á ýmsa þætti í starfsemi fyrirtækja: markaðssetningu, framleiðslu og dreifingu, vinnustað (fjarvinnsla) og vinnuskipulag (framleiðslustýring, stjórnunar- og sérfræðiupplýsingakerfi). Fjarskipti og fjarvinnsla draga úr þörf fyrir hreyfanleika og samgöngutengsl, bæði fyrir fólksflutninga og vöruflutninga. Fjarskiptakerfi gefa þannig möguleika á að auka landfræðilegt jafnvægi og sigrast á landfræðilegum hindrunum án aukins kostnaðar eða skaða fyrir umhverfið. Þróun þeirra getur þar með hjálpað til að ná jafnvægi í byggð.

Menntun á landsbyggðinni fer í auknum mæli fram með fjarkennslu, og fer hún að hluta til fram með fjarfundum, sem miðlað hefur verið gegnum svokallaða Byggðabrá Landssímans. Hafa sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki víða um land fest kaup á fjarfundabúnaði til að tengjast henni. Byggðabráin stenst þó varla þær kröfur sem gerðar eru til hennar. Bilanir eru tíðar og ýmsir tækniörðugleikar og skortur á þjónustu hafa valdið truflun á fjarkennslu. Menntamálaráðherra skipaði nýlega nefnd um fjarskiptajónustu í fjarkennslu, og fjallar hún um lausnir fyrir fjarskipti framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva, bæði vegna fjarfunda, gagnaflutninga og annarra samskipta. Lagt er til að stofnað verði fjarkennslunet framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva.

Fjarvinnsla byggir á þróun í upplýsinga- og samskiptatækni og hefur verið vaxandi þáttur í byggðaaðgerðum víða um heim. Hér á landi hefur verið nokkuð um fjarvinnslu innan einstakra fyrirtækja, en nýlega hefur verið farið að skoða þetta form á víðtækari grunni, þannig að sérstök fjarvinnslufyrirtæki geti tekið að sér verkefni fyrir stofnanir og fyrirtæki. Settar hafa verið upp fjarvinnslustöðvar á nokkrum stöðum á landsbyggðinni. Brýnt er að opinberir aðilar styðji aðgerðir á þessu sviði. Það verður best gert með því að efla þekkingargrunn á landsbyggðinni, efla stoðkerfi fjarvinnslu og jafna gagnaflutningakostnað, og með því að beina verkefnum sem unnin eru fyrir ríkið með markvissum hætti í þennan farveg.

Þá ber að nefna öryggisþáttinn, sem er mikilvægur fyrir búsetuþróun á landsbyggðinni. Hér má t.d. nefna möguleika á aðstoð í neyðartilfellum og að kalla út björgunarsveitir þegar slys ber að höndum. Þar skipta fjarskiptakerfi miklu, einkum GSM og NMT kerfin.

Ljóst er því að ein af meginforsendum byggðaaðgerða í nútíma samfélagi er að landsmönnum öllum sé tryggður jafn aðgangur að fjarskipta- og gagnaflutningakerfum og á sambærilegum kjörum. Byggðastofnun hefur átt viðræður við forsvarsmenn Landssíma Íslands hf. um þetta málefni. Átt hefur sér stað mikil uppbygging á dreifikerfi Landssímans um landið mest allt, og má þar nefna uppbyggingu ljósleiðara og ATM-kerfisins. Jafnframt hefur Landssíminn lækkað gjaldskrá sína á þessari þjónustu. Þessar breytingar og þau markmið sem fyrirtækið hefur sett sér um uppbyggingu fjarskiptakerfisins og þjónustuframboð hafa stórlega bætt samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem aðgengi og möguleikar almennings hefur batnað. Aðstaða er þó enn ekki jöfn um allt land. Ljósleiðarinn og ATM-kerfið nær nú einungis til nokkurra tengipunkta í stærri þéttbýliskjörnum, en áætlun um uppbyggingu kerfisins gerir ráð fyrir öllu þéttbýli með >150 íbúa (63 staðir) og 3 skólasetur. Önnur byggðarlög verða síðan að tengjast þessum tengipunktum með leigulínum. Nefna má að einingaverð (km-gjald) á leigulínum er enn óeðlilega hátt og töluvert úr samræmi við nágrannalönd okkar. Þetta kemur sérstaklega að sök á stærri línunum sem eru 30 km og lengri.

Eitt af því sem getur staðið í vegi fyrir uppbyggingu þróaðra fjarskiptaneta í dreifbýli er krafa um hagnað. Vegna lægri kostnaðar við flutning gagna og stærri markaðar er hagnaður mestur á þéttbýlustu svæðunum. Fjarskiptafyrirtæki velja því oftast að þjóna þessum markaði fyrst og auka þannig ójöfnuð svæða.

Það er því mat Byggðastofnunar að verði samþykkt að selja hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands, sé nauðsynlegt að tryggð verði áframhaldandi uppbygging og viðhald dreifikerfis Landssímans á landsbyggðinni í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda, og að fyrirtækjum og almenningi og verði tryggt jafnt aðgengi að gagnaflutninga- og fjarskiptakerfi Landssímans óháð staðsetningu og búsetu. Má þar sem dæmi nefna lagningu ljósleiðara og áætlun um að ISDN-kerfi Landssímans nái til allra landsmanna. Einnig má nefna aðgengi að ATM-neti Landssímans og uppbyggingu ADSL-þjónustu. Jafnframt verði tryggt að gæði kerfisins og kostnaður við fjarskipti og gagnaflutninga verði jafn um land allt. Þar þarf t.d. að huga að gjaldi á leigulínum og tengikostnaði byggða við tengipunkta ATM-kerfisins. Þá verði tryggt að tækniþróun í gagnaflutningum og fjarskiptum nái jafnt til alls landsins, og þar sem um notkunarrétt og einkarétt fjarskiptafyrirtækja er að ræða, sé það skilyrði sett að landsmenn allir og fyrirtæki eigi jafnt aðgengi að þeirri þjónustu sem rétturinn nær til. Má þar sem dæmi nefna GSM-kerfi, NMT-kerfi og þriðju kynslóð farsíma.

Virðingarfyllt



Theodór Bjarnason  
*forstjóri Byggðastofnunar*



Dr. Bjarki Jóhannesson  
*forstöðumaður Þróunarsviðs  
Byggðastofnunar*